

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 221/2018

frá 26. október 2018

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Rétt er að auka að umfangi samstarf aðilanna að EES-samningnum þannig að það taki til tilmæla ráðsins frá 15. mars 2018 um evrópskan ramma um gæði og skilvirkni námssamninga <sup>(1)</sup>.
- 2) Bókun 31 við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirlið er bætt við í 8. mgr. 4. gr. bókunar 31 við EES-samninginn:

‘– **32018 H 0502:** Tilmæli ráðsins 2018/153 frá 15. mars 2018 um evrópskan ramma um gæði og skilvirkni námssamninga (Stjtið. ESB C 153, 2.5.2018, bls. 1).“

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*3. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. október 2018.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

***Oda Helen Sletnes***

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB C 153, 2.5.2018, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.